

Ed.

361. Breytingartillögur

[160. mál]

við frv. til laga um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

Frá Sigurði Bjarnasyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 1. gr. 2. málslíður orðist svo:

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, skulu mat-sveinar, vélstjórar og aðstoðarmenn í vélarúmi á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslensk fiskiskip 4 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, er nemi 30% af álögðum tekjuskatti af tekjum fyrir störf á fiskiskipum.